

Ed.

336. Frumvarp til laga

[138. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til virkjunar neðri Sogsfossanna, allt að kr. 158 000 000.00 — eitt hundrað fimmtíu og átta milljónir króna —, eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda komi samþykki ríkisstjórnarinnar til.

Ef hentara þykir, getur ríkisstjórnin fyrir hönd ríkissjóðs tekið lán þau, er um ræðir í 1. mgr., og endurlánað þau Sogsvirkjuninni gegn gildum tryggingum.

Sogsvirkjunin er sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur, og bera báðir aðilar sameiginlega, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, ábyrgð gagnvart þriðja manni á skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar, en sín á milli bera aðilar ábyrgð á lánnum og öðrum greiðsluskuldbindingum fyrirtækisins í réttu hlutfalli við eignarhlut þeirra á hverjum tíma samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 5. gr. laganna nr. 28/1946 og önnur ákvæði, er fara í bága við efni þessara laga.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdu því eftirfarandi athugasemdir. Einstakir nm. áskilja sér óbundið atkvæði um einstök atriði frv.

Lántökuheimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 28 25. apríl 1946, um virkjun Sogsins, fullnægir engan veginn lánsfjárbörf Sogsvirkjunarinnar. Endurskoðuð kostnaðaráætlun frá í okt. 1950 gerir ráð fyrir 158 millj. kr. heildarkostnaði við virkjunina, sem sundurliðast þannig (talið í 1000 kr.):

Efnivörur (þar með vinnuvélar verksala og byggingarefni), fob-verð	Erlendur gjaldeyrir		Innlendur kostnaður
	Bandaríki	Norðurláfa	
Verksalar, Fosskraft	59 010	15 126	„
Ráðunautar, vélsetar	„	10 970	„
Vátryggingar	2 290	1 370	„
Farmgjöld, uppskipun, hafnargjöld	390	64	84
Tollar, skattar	„	„	7 970
Vinnulaun, akstur o. fl.	„	„	19 853
Undirbúningsvinna	„	„	30 053
Stjórn, eftirlit, prófanir	„	„	2 000
Vextir á byggingatíma	„	1 230	3 000
Samtals	61 690	28 760	4 590
		Bandaríkja-gjaldeyrir	61 690
		Norðurláfu-gjaldeyrir	28 760
		Samtals	158 000

Norðurláfu-gjaldeyririnn er hugsaður sem erlent lán.

Nauðsynlegt kann að verða, að ríkið verði sjálft aðili að erlendum lántökum, og er því nauðsynlegt að lögfesta þá heimild.

Þann 30. júlí 1949 var gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og Reykjavíkur-
bæjar um sameign að Sogsvirkjuninni. Er í 3. mgr. 1. gr. lagt til að lögfesta þau ákvæði sameignarsamningsins, er varða ábyrgðir og eignarhlutföll samningsaðila. Til lántöku þarf stjórn Sogsvirkjunarinnar samþykki beggja samningsaðila.